

Ad. albumi 24/6 1987

34.E.3.

, 9. júní 1987.

Ljósrit

Hinn 7. júní kom í heimsókn í sendiráðið frú Marianne Hammarskjöld, Stora Mossens Backe 4, 161 37 BROMMA. Færði hún sendiráðinu að gjöf ljósmyndaalbúm frá Alþingis-hátíðinni 1930 og sagði það vera af heimsókn Gustafs Adolfs krónprins Svíþjóðar á hátíðina, en það virðist vera almenns eðlis, gæti verið gjöf til gesta.

Albúmið var í eigu móðurbróður frúarinnar, Oskar Ewerlöf, sem var sendiherra Svía í Kaupmannahöfn 1928-34 og fulltrúi þeirra á hátíðinni. Ewerlöf var þekktur samskur diplomat og sendiherra m.a. í Vín, Budapest, Tokyo, Beijing og Kaupmannahöfn.

Eðlilegt virðist að þessi gjöf gangi til Þjóðminja-safnsins og ljósmyndadeildar þess. Þjóðminjavörður skrifar væntanlega þakkarbréf til frúarinnar.

Með bestu kveðjum,

Benedikt Gröndal
sendiherra

Hr. Þjóðminjavörður Þór Magnússon
Þjóðminjasafn Íslands
Suðurgata 41
101 REYKJAVÍK